

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Vesturlands 4. mars 2011 í máli nr. S-389/2010:**

**Ákærvaldið**

*(Halla Bergþóra Björnsdóttir settur sýslumaður)*

**gegn**

**Jóni Gíslasyni**

**og**

**Kristjáni Þ. Sigurðssyni**

*(Jón Haukur Hauksson hdl.)*

Mál þetta höfðaði sýslumaðurinn á Akranesi með ákæru 25. október 2010 á hendur ákærðu, Jóni Gíslasyni, kt. ..., Viðarhöfða 2a í Reykjavík, og Kristjáni Þ. Sigurðssyni, kt. ..., Sóleyjargötu 13 á Akranesi. Málið var dómtekið 22. febrúar 2011.

Ákærðu eru gefin að sök „eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum framin að kvöldi miðvikudagsins 2. júní 2010 á Akranesi:

I.

Ákærðu Jón og Kristján fyrir nytjastuld, með því að hafa tekið lögreglubifreiðina UY-209 í heimildarleysi á bifreiðastæði við Heiðargerði í félagi og ákærði Jón ekið henni frá bifreiðastæðinu við Heiðargerði, niður Akurgerði, beygt austur Vesturgötu og um aðrar götur uns lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar á Brekkubraut við Stillholt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

## II.

Ákærði Jón Gíslason fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa ekið lögreglubifreiðinni UY-209 undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 2,23 prómill) og undir áhrifum bannaðra ávana- og fíkniefna (amfetamín í blóði 20 ng/ml) og án þess að hafa öryggisbelti bifreiðarinnar spennt við aksturinn, frá bifreiðastæðinu við Heiðargerði, niður Akurgerði, beygt austur Vesturgötu og um aðrar götur uns lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar á Brekkubraut við Stillholt.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 45. gr. a og 1. mgr. 71. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997, 5. gr. laga nr. 66/2006, 13. gr. laga nr. 66/2006 og 186. gr. laga nr. 82/1998.

## III.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að ákærði Jón Gíslason verði dæmdur til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Ákærði Kristján krefst þess að hann verði sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

1

Að kvöldi miðvikudagsins 2. júní 2010 voru lögreglumennirnir Stefán Örn Arnarson og Helgi Pétur Ottesen, varðstjóri, að sinna verkefni að Akurgerði 13 á Akranesi vegna tilkynningar um rúðubrot og ólæti. Taldi varðstjórinn ástæðu til að kalla eftir aðstoð og fóru á vettvang lögreglumennirnir Trausti Freyr Jónsson og Jón S. Ólason, yfirlögregluþjónn. Komu þeir akandi á lögreglubifreiðinni 12-106, sem er stór bifreið af gerðinni Dodge. Var lögreglubifreiðinni lagt við Heiðargerði skammt frá Akurgerði 13 og rétt við lögreglubifreiðina sem þegar var á vettvangi. Skilið var við lögreglubifreiðina opna með lykla í kveikjulásnum. Þá vildi svo til að ákærðu bar að og kemur fram í frumskýrslu lögreglu að ákærði Kristján hafi verið nokkuð æstur en róast þegar lögreglumenn ræddu við hann. Skiptir svo engum togum að lögreglumenn, sem voru að sinna útkallinu vegna rúðubrotsins, taka eftir því að fyrrgreindri lögreglubifreið 12-106 er ekið á brott niður Akurgerði og beygt eftir Vesturgötu. Voru þar á ferð ákærðu, sem tekið höfðu bifreiðina, en ákærði Jón ók og ákærði Kristján sat í farþegasæti við hlið ökumanns. Lögreglumenn hófu nú eftirför á hinni lögreglubifreiðinni og lyktaði henni með því að för ákærða var stöðvuð á Brekkubraut við Stillholt. Í frumskýrslu lögreglu segir að lögreglumenn hafi tekið eftir því að ákærði Jón ók bifreiðinni án þess að hafa beltin spennt.

Eftir að ákærðu voru handsamaðir voru þeir færðir á lögreglustöðina til frekari rannsóknar. Þar var þvag tekið frá ákærða Jóni og gaf það við skimun jákvæða svörun gagnvart amfetamíni. Þessu næst var blóðsýni dregið frá ákærða til frekari rannsóknar en magn alkóhóls í blóðinu mældist 2,23% að teknu tilliti til venjubundinna vikmarka. Einnig mældist amfetamín í blóðinu 20 ng/ml. Að lokinni skýrslutöku síðar um kvöldið voru ákærðu látnir lausir.

2

Ákærði Jón hefur hjá lögreglu og fyrir dómi skýlaust jatað að hafa framið þau brot sem honum eru gefin að sök í ákæru. Í skýrslu sinni fyrir dómi lýsti ákærði atvikum þannig að hann og ákærði Kristján hefðu verið að skemmta sér á veitingastaðnum Breiðinni, en þaðan hefðu þeir farið fótgangandi heim til félaga síns, sem var ekki heima. Þegar ákærðu voru að ganga frá heimili vinar síns hefðu þeir komið að tveimur mannlausum lögreglubifreiðum, sem voru í götunni vegna rúðubrots. Ákærða kvaðst hafa dottið í hug að kanna hvort lykklar væru í bifreiðunum og svo hefði verið í öðrum bílnum. Framhaldinu lýsti ákærði þannig að hann hefði ákveðið að fá sér bíltúr án þess að ákærði gæti skýrt það framferði á annan veg en að um hefði verið að ræða kaup og prakkaraskap. Aðspurður sagði ákærði að hann og meðákærði hefðu ekki rætt mikið saman í aðdragandanum, en ákærði sagði að sér hefði fyllilega verið ljóst að um var að ræða lögreglubifreið. Um ástand sitt sagði ákærði að hann hefði verið mjög drukkinn.

3

Við yfirheyrslu hjá lögreglu skömmu eftir handtöku sagði ákærði Kristján að hann myndi ekkert eftir atburðum sökum ölvunar. Kvaðst hann aðeins muna að hafa verið með ákærða Jóni á „tjúttinu“ en síðan hefði hann verið tekinn fastur.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá að hann hefði verið í samkvæmi með ákærða Jóni og síðan slegist í för með honum á hvítri sendibifreið. Ákærði tók fram að hann væri kominn nokkuð til ára sinna og sæi illa frá sér og því til viðbótar hefði hann verið kófdrukkinn eftir nokkurra daga stífa drykkju. Fullyrti ákærði að hann hefði alls ekki áttað sig á því að um var að ræða lögreglubifreið. Ákærði sagði að hann hefði setið í farþegasæti og gengið út, þegar ákærði Jón stöðvaði bifreiðina, án þess að taka til fótanna.

4

Vitnið Helgi Pétur Ottesen, lögregluvarðstjóri, bar fyrir dómi að hann hefði verið á vettvangi ásamt starfsfélaga sínum Stefáni Erni Arnarsyni að sinna útkalli vegna rúðubrots og hefðu þeir kallað eftir aðstoð. Þar kvaðst vitnið hafa rætt við ákærða Kristján sem hefði verið undir einhverjum áhrifum áfengis. Lögreglumennirnir hefðu síðan farið að Akurgerði 17 og úr augsýn við lögreglubifreiðina, en þeir hefðu svo tekið eftir að henni var ekið niður Akurgerði. Skömmu síðar hefði bifreiðin verið stöðvuð og ákærði Kristján hlaupið út en verið stöðvaður þegar í stað. Vitnið taldi engan vafa leika á að ákærða Kristjáni hafi verið ljóst að um var að ræða lögreglubifreið, enda hafði vitnið rætt við ákærða fyrir ökuferðina.

Vitnið Stefán Örn Arnarson, lögreglumaður, lýsti aðdragandanum á sama veg, auk þess sem hann rakti að lögreglubifreiðinni hefði verið ekið eftir Akurgerði, þaðan austur Vesturgötu, svo eftir Háholti og síðan Brekkubraut þar sem hún nam staðar á gatnamótunum við Stillholt. Vitnið kvaðst hafa handtekið ákærða Kristján eftir að hafa hlaupið hann uppi skamman spöl þegar ákærði gekk rösklega á brott.

Vitnið Trausti Freyr Jónsson, lögreglumaður, greindi frá því fyrir dómi að hann og Jón S. Ólason, yfirlögregluþjónn, hefðu komið akandi á vettvang og lagt bifreiðinni skammt frá þar sem lögreglumenn voru að ræða við ákærða Kristján. Þegar mannskapurinn á vettvangi hafði róast sagði vitnið að lögreglumenn hefðu gengið í átt að Akurgerði 17 og þá séð að lögreglubifreiðinni var ekið niður Akurgerði.

Vitnið Jón S. Ólason, yfirlögregluþjónn, sagði að hamangangur og læti hefðu verið á vettvangi og því hefði verið farið út úr lögreglubifreiðinni með flýti. Lykill hefði orðið eftir í kveikjúlásnum og það næsta sem vitnið vissi var að bifreiðinni var ekið á brott. Þegar för bifreiðarinnar hafði verið stöðvuð sagði yfirlögregluþjónninn að ákærði hefði reynt að komast undan en verið handtekinn.

5

Svo sem áður getur hefur ákærði Jón afdráttarlaust játað að hafa framið þau brot sem honum eru gefin að sök og er játning hans í samræmi við annað sem komið hefur fram í málinu. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir nytjastuld og að aka undir áhrifum áfengis og bannaðra ávana- og fikniefna og án þess að hafa öryggisbelti bifreiðarinnar spennt við aksturinn. Varðar þetta við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 45. gr. a og 1. mgr. 71. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, allt með síðari breytingum.

Ákærði Kristján hefur kannast við að hafa stigið upp í lögreglubifreiðina og farið með henni skamman spöl þegar ákærði Jón ók í umrætt sinn. Ákærði Kristján hefur hins vegar borið því við að hann hafi ekki áttað sig á því að um var að ræða lögreglubifreið og var á honum að skilja að hann hafi talið ákærða Jón hafa umráð bifreiðarinnar. Þessi frásögn ákærða fer hróplega í bága við allt annað sem komið hefur fram í málinu. Þannig hefur ákærði Jón skýrt frá því að ákærðu hafi verið að skemmta sér á veitingahúsinu Breiðinni og gengið þaðan heim til félaga síns sem er búsettur í Akurgerði. Einnig hefur Helgi Pétur Ottesen borið að hann hafi rætt við ákærða Kristján á vettvangi rétt í aðdraganda þess að ákærðu óku á brott í lögreglubifreiðinni. Þá er þess að gæta að um er að ræða lögreglubifreið af stærri gerðinni með öllum þeim búnaði og merkingum sem slíkar bifreiðar bera. Því gat ákærða með engu móti dulist að um var að ræða lögreglubifreið og stóðar ekki fyrir hann að bera því við að hann hafi verið ölvaður, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga. Að öllu þessu virtu er sannað gegn neitun ákærða að hann hafi ásamt ákærða Jóni notað bifreiðina heimildarlaust og breytir þá engu um heimfærslu brotsins til 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga að ákærði Jón ók bifreiðinni.

6

Ákærði Jón gekkst undir viðurlög með sektargerð lögreglustjóra 11. nóvember 2010 fyrir brot gegn 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Var refsing ákveðin 100.000 króna sekt auk þess sem ákærði var sviptur ökurétti í átta mánuði frá þeim degi. Brot það sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir var framið áður en ákærði gekkst undir þau viðurlög og verður honum því gerður hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Refsing ákærða Jóns þykir hæfilega ákveðinn 60 daga fangelsi, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt verður ákærða gert að greiða 160.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 12 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins. Þá verður ákærði, með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga, sviptur ökurétti í 20 mánuði frá 11. júlí 2011, en þá rennur út svipting samkvæmt fyrrgreindri sektargerð lögreglustjóra.

Ákærði Kristján hefur frá árinu 2001 þrívægis gengist undir viðurlög fyrir dómi og hjá lögreglu fyrir brot gegn umferðarlögum. Þá hlaut ákærði dóm 1. júní 2010 fyrir brot á sömu lögum.

Refsing ákærða Kristjáns þykir hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að tveimur árum liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, verður ákærða Jóni gert að greiða sakarkostnað vegna rannsóknar á lífsýnum í samræmi við yfirlit lögreglu.

Með vísan til 1. mgr. 219. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærða Kristjáni gert að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, en þau þykja hæfilega ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti, svo sem greinir í dómsorði. Jafnframt verður ákærða gert að greiða ferðakostnað verjandans.

Benedikt Bogason, héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

## **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Jón Gíslason, sæti 60 daga fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt greiði ákærði 160.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 12 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði, Kristján Þ. Sigurðsson, sæti 60 daga fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jón er sviptur ökurétti í 20 mánuði frá 11. júlí 2011.

Ákærði Jón greiði 87.223 krónur í sakarkostnað.

Ákærði Kristján greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hauks Haukssonar, héraðsdómslögmanns, 94.125 krónur, og ferðakostnað verjandans, 9.940 krónur, eða samtals 104.065 krónur.

Benedikt Bogason